Samband íslenskra sveitarfélaga

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík 24. nóvember 2026

2511011SA ÞS
Málalykill: 12.00

Efni: Fjárhags- og verkefnaáætlun 2027 fyrir stafrænt samstarf sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur hér með fram fjárhags- og verkefnaáætlun stafræns samstarfs sveitarfélaga fyrir árið 2027 til afgreiðslu borgarráðs Reykjavíkurborgar.

Með samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. mars 2026, var formfest aukið samstarf aðila á sviði stafrænnar þróunar. Samningurinn byggir á því mikilvæga framlagi sem Reykjavíkurborg hefur lagt til stafræns samstarfs sveitarfélaga, meðal annars með sérfræðiþekkingu, vinnuframlagi og hugbúnaðarkóða. Samkvæmt samningnum nemur fjárframlag Reykjavíkurborgar 31 milljón króna fyrir árið 2026 og er gert ráð fyrir árlegri endurskoðun framlagsins með hliðsjón af framvindu verkefna.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti tillögur að fjármögnun og verkefnum stafræna samstarfsins á fundi sínum 30. október 2026. Heildarfjárhagsáætlun samstarfsins fyrir árið 2027 nemur 107 milljónum króna og er gert ráð fyrir að **fjárframlag Reykjavíkurborgar nemi 31.969.661 kr.**

Á árinu 2027 verður lögð áhersla á áframhaldandi þróun sameiginlegra stafrænna lausna, uppbyggingu stafrænna innviða sveitarfélaga og aukið samstarf ríkis og sveitarfélaga um stafræna þjónustu og hagnýtingu gagna. Nánari upplýsingar um verkefni, áherslur og fjármögnun koma fram í meðfylgjandi fjárhags- og verkefnaáætlun.

Með vísan til samstarfssamnings aðila frá 18. mars 2026 og ákvæða hans um árlega endurskoðun fjárframlags er óskað eftir því að borgarráð samþykki áframhaldandi þátttöku Reykjavíkurborgar í stafrænu samstarfi sveitarfélaga á árinu 2027 og fjárframlag að fjárhæð 31.969.661 kr., í samræmi við meðfylgjandi fjárhags- og verkefnaáætlun.


Jafnframt er óskað eftir samþykki borgarráðs fyrir því að gengið verði frá framlengingu eða endurnýjun samstarfssamnings aðila, þar sem áfram verði gert ráð fyrir að sérfræðivinna Reykjavíkurborgar geti komið til frádráttar fjárframlagi hennar samkvæmt nánara samkomulagi aðila.

Erindið hefur ekki verið afgreitt í fagráði Reykjavíkurborgar þar sem stafrænt ráð borgarinnar var lagt niður í kjölfar sveitarstjórnarkosninga í maí 2026.

Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga er ekki þörf á sérstakri jafnréttisskimun eða jafnréttismati að svo stöddu, enda snýr erindið að áframhaldandi þátttöku í fyrirliggjandi samstarfi og fjármögnun sameiginlegra verkefna.

Ekki er óskað eftir sérstakri kynningu á fundi borgarráðs að svo stöddu, en fulltrúar Sambandsins eru reiðubúnir að kynna áætlunina nánar sé þess óskað.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Þórdís Sveinsdóttir
sviðsstjóri

Fylgiskjöl:
- Fjárhags- og verkefnaáætlun stafræns samstarfs sveitarfélaga 2027.
- Sundurliðun kostnaðarþátttöku sveitarfélaga 2027.
- Samstarfssamningur um aukið samstarf Reykjavíkurborgar og Sambandsins á sviði stafrænnar þróunar, dags. 18. mars 2026.

Fjárhagsáætlun stafrænt samstarf 2027

Fjármögnun eftir verkefnum	**107.000.000**
Þjónusta við íbúa	**67.000.000**
Almenn virkni í miðlægu kerfi Veita 2.0	43.000.000
Þróun umsókna í velferðaþjónustu	20.000.000
Rekstur og hýsing Veita 2.0	4.000.000
Samstarf sveitarfélaga	**6.000.000**
Námsferð erlendis	4.000.000
Vinnustofur og fræðsla sveitarfélaga	2.000.000
Stafrænir innviðir sveitarfélaga	**12.000.000**
Tengingar við skjalakerfi og rafræn skil	5.000.000
Netöryggismál - NIS2	5.000.000
Gervigreind	2.000.000
Hagsmunagæsla - samstarf við ríki	**22.000.000**
Nemendagrunnur	5.000.000
Leikskólagrunnur	2.000.000
Barnaverndargátt	5.000.000
Byggingarleyfi HMS	1.000.000
Þjónustugátt TR	4.000.000
Álagningakerfi faseignagjalda	5.000.000
SAMTALS	**107.000.000**

Áætluð framlög sveitarfélaga vegna stafræns samstarfs 2027

	Greitt í júní	Greitt í desember	Samtals v/ 2027
Höfuðborgarsvæði			
Reykjavík		31.969.661	31.969.661
Kópavogur		9.425.948	9.425.948
Hafnarfjörður	3.819.543	3.819.543	7.639.087
Garðabær	2.497.294	2.497.294	4.994.587
Mosfellsbær	1.709.879	1.709.879	3.419.757
Seltjarnarnes	672.036	672.036	1.344.072
Kjósarhreppur	186.131	186.131	372.263
Suðurnesin			
Reykjanesbær	2.720.764	2.720.764	5.441.529
Suðurnesjabær	629.335	629.335	1.258.671
Grindavíkurbær	242.764	242.764	485.527
Sveitarfélagið Vogar	364.749	364.749	729.499
Vesturland			
Akranes	1.105.952	1.105.952	2.211.905
Borgarbyggð	620.501	620.501	1.241.001
Snæfellsbær	339.038	339.038	678.077
Sveitarfélagið Stykkishólmur	297.244	297.244	594.488
Grundarfjarðarbær	247.068	247.068	494.135
Hvalfjarðarsveit	241.178	241.178	482.356
Dalabyggð	223.962	223.962	447.923
Eyja- og Miklaholtshreppur	163.478	163.478	326.957
Vestfirðir			
Ísafjarðarbær	601.586	601.586	1.203.171
Vesturbyggð	296.111	296.111	592.222
Bolungarvík	263.604	263.604	527.209
Strandabyggð	197.798	197.798	395.595
Reykhólahreppur	177.523	177.523	355.047
Súðavíkurhreppur	174.805	174.805	349.610
Kaldrananeshreppur	163.252	163.252	326.504
Árneshreppur (53)			
Norðurland vestra			
Skagafjörður	643.947	643.947	1.287.893
Húnabyggð	303.134	303.134	606.267
Húnaþing vestra	284.785	284.785	569.570
Sveitarfélagið Skagaströnd	200.969	200.969	401.938
Norðurland eystra			
Akureyri	2.447.457	2.447.457	4.894.914
Norðurþing	491.719	491.719	983.438
Fjallabyggð	373.018	373.018	746.036

Dalvíkurbyggð	368.034	368.034	736.068
Þingeyjarsveit	316.612	316.612	633.224
Eyjafjarðarsveit	286.597	286.597	573.194
Hörgársveit	256.129	256.129	512.258
Langanesbyggð	211.503	211.503	423.005
Svalbarðsstrandarhreppur	208.558	208.558	417.115
Grýtubakkahreppur	192.248	192.248	384.495
Tjörneshreppur (52)			
Austurland			
Múlaþing	742.940	742.940	1.485.879
Fjarðabyggð	742.147	742.147	1.484.294
Vopnafjarðarhreppur	221.696	221.696	443.393
Fljótsdalshreppur	163.025	163.025	326.051
Suðurland			
Sveitarfélagið Árborg	1.585.175	1.585.175	3.170.349
Vestmannaeyjar	661.729	661.729	1.323.458
Hveragerði	528.757	528.757	1.057.513
Sveitarfélagið Ölfus	479.260	479.260	958.520
Sveitarfélagið Hornafjörður	447.999	447.999	895.998
Rangárþing eystra	392.613	392.613	785.225
Rangárþing ytra	372.678	372.678	745.356
Bláskógabyggð	314.573	314.573	629.147
Mýrdalshreppur	263.718	263.718	527.435
Hrunamannahreppur	253.297	253.297	506.594
Flóahreppur	233.929	233.929	467.858
Skaftárhreppur	223.735	223.735	447.470
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	225.547	225.547	451.095
Grímsnes- og Grafningshrepp	224.528	224.528	449.056
Ásahreppur	184.546	184.546	369.091
	32.802.196	74.197.804	107.000.000

Samstarfssamningur

Samstarfssamningur þessi milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14 105 Reykjavík, (hér eftir „**Reykjavíkurborg**") og Sambands íslenskra sveitarfélaga, kt. 550269-4739, (hér eftir „**Sambandið**") (sameiginlega hér eftir „**samningsaðilar**"), varðar aukið samstarf Reykjavíkurborgar og Sambandsins á sviði stafrænnar þróunar.

1 Efni og samnings

1.1 Frá árinu 2020 hefur Samband íslenskra sveitarfélaga verið helsti samvinnuvettvangur sveitarfélaga á sviði stafrænnar þróunar. Sambandið hefur gegnt lykilhlutverki í að samræma verkefni, miðla þekkingu og stuðla að því að sveitarfélög um land allt geti nýtt sameiginlegar stafrænar lausnir til að bæta þjónustu, auka skilvirkni og hraða stafrænum umbreytingum.

1.2 Á vettvangi Sambandsins er nú stefnt að því að efla enn frekar samstarf sveitarfélaga á þessu sviði, ásamt því að styrkja samvinnu við ríkið. Slík samstaða mun stuðla að auknum slagkrafti í nýsköpun, samræmdum lausnum, betri nýtingu fjármuna og bættri þjónustu við íbúa um land allt.

1.3 Reykjavíkurborg hefur frá upphafi tekið virkan þátt í stafrænu samstarfi sveitarfélaga og lagt fram vinnuframlag sérfræðinga sinna á þessu sviði, hugbúnaðarkóða og fleira. Með hliðsjón af auknum áherslum á samvinnu opinberra aðila telja Reykjavíkurborg og Sambandið eðlilegt að Reykjavíkurborg leggi verkefninu einnig til sérstakt fjármagn til að styrkja enn frekar stoðir samvinnu og samstarfs.

1.4 Gert er ráð fyrir að framlag Reykjavíkurborgar nemi um 31 m.kr. á árinu 2026. Upphæðin byggir á hlutfalli íbúafjölda sveitarfélagsins og verður endurskoðuð árlega í ljósi framvindu verkefna á sviði stafrænnar þróunar.

2 Skyldur samningsaðila

2.1 Framlag Reykjavíkurborgar árið 2026 inn í samstarf á sviði stafrænnar þróunar verður 31 milljón kr. árið 2026. Framlagið er greitt í einni greiðslu, við lok árs.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Reykjavík

2.2 Sambandinu er heimilt að óska eftir vinnuframlagi og/eða sérfræðiþekkingu frá Reykjavíkurborg á samningstímanum á sviði stafrænnar þróunar. Slíkar beiðnir skal senda á tengilið skv. ákvæði 4. gr. og skal Reykjavíkurborg bregðast við eins fljótt og unnt er. Reykjavíkurborg sendir Sambandinu vinnuskýrslur mánaðarlega vegna framangreindrar vinnu. Verður vinnan rukkuð samkvæmt tímagjaldi í gildandi rekstrarlíkani þjónustu- og nýsköpunarsviðs og dregst frá fjárframlagi skv. ákvæði 2.1. Sjá núverandi rekstrarlíkan þjónustu- og nýsköpunarsviðs í viðauka 1.

3 Greiðslur og greiðsluskilmálar

Hafi Reykjavíkurborg í desember 2026 veitt þjónustu samkvæmt ákvæði 2.2. sem nemur 31 milljón kr. telst samningur þessi uppfylltur að öllu leyti. Að öðrum kosti greiðir Reykjavíkurborg eftirstöðvar til Sambandsins fyrir árslok 2026.

4 Samskipti á samningstíma

Öll samskipti samningsaðila og tilkynningar samkvæmt samningi þessum skulu sendar á tengiliði samningsaðila:

Tengiliður Reykjavíkurborgar	Tengiliður Sambandsins
Nafn: Óskar J. Sandholt Netfang: oskar.j.sandholt@reykjavik.is	Nafn: Þórdís Sveinsdóttir Netfang: thordis.sveinsdottir@samband.is

5 Persónuvernd

5.1 Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga, sem er aðgengileg í heild sinni á heimasíðu Reykjavíkurborgar: https://reykjavik.is/personuvernd.

5.2 Feli þjónustan í sér vinnslu persónuupplýsinga skulu samningsaðilar gera með sér sérstakan vinnslusamning og skal slíkur vinnslusamningur vera viðauki við samning þennan.

6 Gildistími, vanefndir og samningslok

6.1 Samningur þessi gildir frá undirritun og er tímabundinn til eins árs nema um annað sé sérstaklega samið.

6.2 Hvorum samningsaðila um sig er hvenær sem er heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara, nema um annað hafi verið samið.

7 Undirritun

Samningur þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Reykjavík 18. mars 2026

Viðauki 1
Gjald fyrir þjónustu

Viðauki þessi er hluti af samstarfssamningi milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 (hér eftir „**Reykjavíkurborg**“) og Sambands íslenskra sveitarfélaga, kt. 550269-4739, (hér eftir „**Sambandið**“) (sameiginlega hér eftir „**samningsaðilar**“), varðar aukið samstarf Reykjavíkurborgar og Sambandsins á sviði stafrænnar þróunar.

Fyrir þjónustu þá sem Reykjavíkurborg veitir Sambandinu samkvæmt samstarfssamningi þessum, er rukkað samkvæmt tímagjaldi í gildandi rekstrarlíkani þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Í febrúar 2026 eru upphæðir eins og hér segir:

Sérfræðingur 1: kr. 12.500/klst

Sérfræðingur 2: kr. 14.500/klst

Sérfræðingur 3: kr. 17.500/klst

Samband íslenskra sveitarfélaga

Reykjavík